

Ársreikningur RARIK fyrir árið 2018

Hagnaður RARIK á árinu 2018 var um 2,8 milljarðar króna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 2.781 milljónum króna sem er svipað og áætlanir gerðu ráð fyrir, en hækkaði um tæp 11% frá árinu 2017 þegar hagnaður ársins nam 2.507 milljónum króna. Reiknuð áhrif hlutdeildarfélagssins Landsnets hækkuðu og voru 909 milljónir króna en voru 670 milljónir á árinu 2017. Heildarhagnaður að teknu tilliti til þýðingarmunar hlutdeildarfélagssins nam 3.712 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 5.569 milljónum króna eða 33,5% af veltu ársins, samanborið við 32,0% á árinu 2017. Handbært fé frá rekstri nam 3.755 milljónum króna.

Rekstrartekjur hækkuðu um tæplega 12% frá árinu 2017 og námu 16.637 milljónum króna og rekstrargjöld hækkuðu á milli ára um tæp 10% og námu 13.022 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á árinu 2018 nam 3.615 milljónum króna sem er rúmlega 20% hækkan frá fyrra ári. Veiking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og aukin verðbólga á árinu gerðu það að verkum að fjármagnsliðir voru umtalsvert óhagstæðari en á fyrra ári. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur námu um 1.274 milljónum króna, en á árinu 2017 námu þau 706 milljónum króna.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir RARIK í árslok 65.953 milljónum króna og hækkuðu um 7.488 milljónir króna á milli ára. Heildarskuldir námu 24.821 milljónum króna og hækkuðu um 4.086 milljónir króna frá fyrra ári. Eigið fé var 41.132 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall því 62,4% samanborið við 64,5% í árslok 2017. Fjárfestingar ársins að frádregnu söluandvirði seldra rekstrarfjármuna námu 3.695 milljónum króna, sem er minna en áætlað var en 297 milljónum króna hærra en árið á undan.

Stjórn RARIK ohf. leggur til við aðalfund að greiddar verði 310 milljónir króna í arð til eiganda RARIK sem er Ríkissjóður Íslands.

Samstæðuársreikningur RARIK ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum.

Horfur í rekstri RARIK á árinu 2019 eru góðar. Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins af reglulegri starfsemi samstæðunnar verði sambærilegur og á árinu 2018 en að fjárfestingar aukist talsvert á milli ára.

Helstu stærðir samstæðureiknings RARIK, allar fjárhæðir í milljónum króna.

	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Rekstartekjur	16.637	14.886	14.670	13.252	12.521	11.793	11.412	10.768
Rekstrargjöld	13.022	11.884	11.399	10.755	9.513	9.108	8.428	8.547
Rekstrarhagnaður	3.615	3.002	3.271	2.497	3.008	2.684	2.984	2.221
Hrein fjármagnsgjöld	-1.274	-706	-293	-850	-748	-867	-1.282	-1.233
Áhrif hlutdeildarfélags	909	670	-344	903	847	491	180	189
Hagnaður fyrir skatta	3.250	2.966	2.634	2.550	3.107	2.309	1.882	1.177
Tekjuskattur	-469	-459	-594	-330	-446	-362	-341	-164
Hagnaður	2.781	2.507	2.040	2.220	2.661	1.947	1.541	1.014
Eignir samtals	65.953	58.465	57.722	57.751	48.536	46.787	44.569	37.262
Eigið fé	41.132	37.730	36.134	35.623	29.495	27.144	25.507	19.327
Skuldir	24.821	20.735	21.588	22.128	19.041	19.643	19.062	17.935
Handbært fé frá rekstri	3.755	3.952	3.487	3.587	3.837	3.541	3.257	2.779
Greidd vaxtagjöld	667	625	727	741	649	657	630	623
EBITDA	5.569	4.767	5.066	4.151	4.719	4.300	4.351	3.520
Vaxtaþekja	8,35	7,63	6,97	5,60	7,27	6,54	6,91	5,65
Eiginfjárhlutfall	62,4%	64,5%	62,6%	61,7%	60,8%	58,0%	57,2%	51,9%
EBITDA/Velta	33,5%	32,0%	34,5%	31,3%	37,7%	36,5%	38,1%	32,7%

Ársreikningur RARIK 2018 var samþykktur á fundi stjórnar þann 28. febrúar, 2019 og heimilaði stjórn birtingu hans í Kauphöll Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK í síma 528-9000.